

Álagning gjalda fyrir árið 2017 skv. ákvörðun sveitarstjórnar sem tekin var á fundi 15. september 2017

Útsvarshlutfall: Útsvarshlutfall verður óbreytt á árinu 2017, 14.52%

Fasteignaskattur: Er álagður samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

- Allt að 0,5% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu..
Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu í a) og c) lið um allt að 25%.

Elli- og örorkulífeyrispegum, er búa í eigin húsnæði, er veittur afsláttur af fasteignaskatti samkvæmt sérstakri reglugerð er sveitarstjórn hefur samþykkt. Eigendur húsa þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf, geta sótt um styrki til sveitarstjórnar til greiðslu fasteignaskatts. Sveitarstjórn hefur sett reglur um veitingu slíkra styrkja.

Sveitarstjórn samþykkir að álögð fasteignagjöld í Mýrdalshreppi 2017 verði með eftirfarandi hætti.

Fasteignaskattur:	A-flokkur	0,53 % af fasteignamati húss og lóðar
	B-flokkur	1,32 % af fasteignamati húss og lóðar
	C-flokkur	1,65 % af fasteignamati húss og lóðar

Sveitarstjórn samþykkir álagningu eftirfarandi gjalda sem innheimt verða með fasteignaskatti.

Holræsagjald:	er 0,20 % af fasteignamati húss og lóðar
Rotþróargjald:	er kr. 7.765.- og 9.995.- fyrir þrær sem eru stærri en 6.000 lítrar
Lóðarleiga:	er 1,5 % af lóðarmati lóðar
Vatnsgjald:	er 0,15 % af fasteignamati húss og lóðar

Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar verður innheimtur fasteignaskattur skv. c lið af öllu húsnæði sem nýtt er í tengslum við ferðaþjónustu, en tekið tillit til nýrra laga um heimagistingu verði sýnt fram á að húsnæðið sé ekki leigt nema í 90 daga á ári eða tekjur af útleigu fari ekki yfir 2 milljónir.

SORPGJÖLD	Sorphreinsun og förgun	Gámavöllur og endurvinnsla	SAMTALS
Íbúðir	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðarhús	19.340	20.110	39.450
Sumarhús	9.665	10.055	19.720
Fyrirtæki			
Flokkur 0		22.840	22.840
Flokkur 1	22.840	22.840	45.680
Flokkur 2	74.845	45.670	120.515
Flokkur 3	149.690	60.375	210.065
Flokkur 4	224.540	62.830	287.370
Flokkur 5	299.385	68.510	367.895

Þá samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi:

- Leikskólagjöld og tónskólagjöld hækka um 2,5% milli ára og það sama á við um gjald fyrir dægradvöl og gjöld fyrir hádegismat og morgunhressingu í skólunum.
- Gjaldskrá fyrir hunda- og kattaleyfi hækkar um 2,5% frá álagningu síðasta árs og verður því 8.200 á hvert dýr.
- Gjaldskrá íþróttahúss og sundlaugar hækki frá áramótum til samræmis við gjaldskrá annarra sund- og íþróttastaða sjá meðf.